



Reglur vegna úthlutunar styrkja til menningarstarfsemi

1. gr.

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar auglýsir tvisvar sinnum á ári eftir styrkjum til menningarstarfsemi til eflingar hafnfirsku menningarlífi. Fyrri úthlutun skal auglýst eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Miða skal við að fyrri úthlutun sé lokið fyrir 1. mars. Seinni úthlutun skal auglýst eigi síðar en 15. ágúst og úthlutun skal lokið fyrir 1. október.

2. gr.

Markmiðið er að styðja við menningarstarfsemi í samræmi við menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar og styrkja einstaklinga og félagasamtök til lista- og menningarsköpunar.

3. gr.

Listamenn, félagasamtök, stofnanir eða menningarviðburðir verða að tengjast Hafnarfirði með einhverjum hætti. Til dæmis með fastri búsetu einstaklinga, með því að viðburðurinn sem styrktur er fari fram í Hafnarfirði og/eða feli í sér kynningu á menningarstarfsemi Hafnarfjarðar. Ekki er styrkt til ferðalaga, náms eða rekstrar.

4. gr.

Umsóknum skal skilað með rafrænum hætti í gegnum vefsíðu Hafnarfjarðarbæjar www.hafnarfjordur.is. Aðstoð við skráningu er hægt að fá hjá starfsmanni menningar- og ferðamálanefndar og í þjónustuveri bæjarins.

Auk almennra þátta skal eftirfarandi koma fram í umsókn:

- Markmið, lýsing og tilefni umsóknar
- Styrkuppþæð
- Tíma- og verkáætlun
- Önnur fjármögnun
- Kostnaðaráætlun

5. gr.

Menningar- og ferðamálanefnd metur umsóknir eftir markmiðum verkefna og hvernig þau nýtast til að efla fjölbreytt menningarlíf bæjarbúum og hafnfirskum listamönnum til góðs í samræmi við menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar. Tekið er mið af raunhæfni verkefna, kostnaðaráætlun auk tíma- og verkáætlun.

Menningar- og ferðamálanefnd getur gert samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára vegna menningarstarfsemi sem hefur sannað gildi sitt í hafnfirsku menningarlífi með samþykki bæjarráðs og með fyrirvara um samþykki fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um niðurstöðu nefndar og hvenær úthlutun fer fram sé styrkur veittur.



HAFNARFJÖRÐUR

Styrkhöfum ber að skila stuttri greinargerð um ráðstöfun styrkfjár eigi síðar en ári eftir úthlutun. Hafi styrkhafi sótt um styrk að nýju án þess að hafa skilað inn slíkri greinargerð, vegna áður úthlutaðs styrkjar, áskilur nefndin sér rétt til að hafna umsókninni.

6. gr.

Þeir aðilar sem hljóta styrki frá Hafnarfjarðarbæ skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

7. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar ákveður við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til menningarstyrkja.

8. gr.

Gagnsæi og vönduð vinnubrögð skulu höfð að leiðarljósi við meðferð umsókna og úthlutun styrkja. Þær umsóknir einar eru gildar sem berast innan umsóknarfrests í auglýsingu um styrki. Starfsmaður nefndar ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu styrkumsókna.

9. gr.

Nefndin áskilur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu styrkja og rifta samningum komi ekki til verkefna sem sótt er til eða um annan forsendubrest er um að ræða.

10. gr.

Reglur þessar taka gildi 10.01.2019 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af menningar- og ferðamálanefnd 13. desember 2017.